

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, svæði fyrir þjónustustofnanir í landi Sólvalla.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 18. maí 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að 6,2 ha óbyggðu svæði er breytt í svæði fyrir þjónustustofnanir.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 18. maí 2011.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2011